


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	<b>BÍLXS24</b>	<b>Námsáætlun haustönn 2016</b>

<b>Kennari</b>	Ragnheiður Gunnbjörnsdóttir	<b>Sk.st.</b>	RGU
----------------	-----------------------------	---------------	-----

### Áfangalýsing:

Ný menntastefna er höfð til grundvallar og grunnþættir menntunar eru hafðir að leiðarljósi. Áfanginn miðast við að nemendur geri sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem fylgir því að verða góður ökumaður. Nemendur fá leiðsögn og verkefni sem búa þá undir væntanlegt ökunám og unnið er með samskonar námsefni og notað er í ökunámi. Unnið verður með efnið á sem fjölbreyttastan hátt og sérstök áhersla er lögð á að nemendur læri umferðarmerkin og umferðarreglurnar vel.

### Markmið:

#### Nemandi skal .....

##### ..... hafa öðlast þekkingu og skilning á:


1. Skyldum og réttindum ökumanna og vegfarenda almennt
2. Umferðarmerkjum, umferðarreglum og umferðarlögum
3. Þeirri ábyrgð sem fylgir því að vera góður ökumaður í samfélagi við aðra
4. Hversu mikil áhrif ökumenn geta haft í umferðinni
5. Ástandi bílsins og hvernig mismunandi hlutar bílsins starfa
6. Umburðarlyndi, tillitssemi og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum í umferðinni
7. Að akstur krefst fullrar athygli allan tímann og að ökumaður sé ávallt viðbúinn
8. Almennri skyndihjálp

##### ..... hafa öðlast leikni í að:

1. Þekkja skyldur sínar og réttindi í umferðinni
2. Gera sér grein fyrir þeirri miklu ábyrgð sem fylgir því að verða ökumaður
3. Þekkja umferðarmerkin og hvað þau þýða hverju sinni
4. Segja til um hvað umferðarreglur og umferðarlög merkja
5. Meta hættur í umferðinni og hvað á að gera þegar slys verða
6. Skilja leiðbeiningar frá umferðarmerkingum og merkingum lögreglunnar
7. Efla sjálfsmýnd sína sem athugull, umburðarlyndur og tillitsamur vegfarandi
8. Þekkja merkin þegar bíllinn þarfnast einhvers viðhalds

##### ..... geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

1. Verða virkur, ábyrgur og sjálfstæður ökumaður í umferðinni
2. Geta uppfyllt skyldur sínar og réttindi í umferðinni
3. Meta hættur í umferðinni á réttan hátt
4. Bregðast við á réttan hátt komi hann á slysavettvang
5. Geta nýtt sér umferðarmerki, umferðarreglur og umferðarlög
6. Eiga góð samskipti við aðra í umferðinni
7. Geta tekið upplýstar ákvarðanir varðandi umferðina

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sambýkkt: SHJ		
Síða 2 af 2	<b>BÍLXS24</b>	
	<b>Námsáætlun haustönn 2016</b>	

**Námsgögn:** Akstur og umferð, B réttindi eftir Arnald Árnason, Ökukennarafélag Íslands 1999. Diskurinn í umferðinni með Sjóvá – almennum, myndbandið hver ber sökina frá Sjóvá almennum. Verkefni og spil frá kennara, myndbönd, fræðsluefni og verkefni af neti.

**Áætlun um yfirferð úr bókinni Akstur og umferð:**

Lota 1, vikur 34 – 37: Efni sem tengist kafla 1 og 2 bls. 7 – 16 og 17 – 38.

Lota 2, vikur 38 - 41: Efni sem tengist kafla 3 - 4, bls. 39 – 63 og 65 - 82.


Lota 3, vikur 42 – 45: Efni sem tengist kafla 5 og 6 bls. 83 – 153.


Lota 4, vikur 46 – 48: Efni sem tengist kafla 6 og 7 bls. 155 – 178 og 179 -183 og upprifjun.

Í öllum lotum verður einnig unnið með umferðarmerkin. Um vikudaga og tímasetningu innan hversrar viku vísast til stundatöflu sem afhendist í byrjun annar. Kennsluáætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar.

**Námsmat og vægi námsþátta:**

<b>Matsform:</b>	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
<b>Námsmatsþættir</b>	<b>Lýsing námsmatsþátta</b>		<b>Vægi</b>
Lokapróf	Efni annarinnar tekið fyrir		40%
Tímapróf	Fjögur kaflapróf, þrjú bestu gilda (5% hvert)		15%
Netverkefni	Þrjú verkefni unnin á netinu 5% hvert		15%
Heimaverkefni	Fimm verkefni jafnt yfir önnina (3% hvert)		15%
Virkni og þátttaka	Metið eftir hvern tíma		15%
		<b>Samtals:</b>	<b>100%</b>

Dagsetning: 19. ág. 2016  
  
 Undirritun kennara

22.8.2016  
  
 Undirritun brautarstj., fagstj. eða staðgengils